



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. mars 2012

Efni Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, 96. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. þingskjal 96. Í frumvarpinu er lagt til að verðtryggt útlán megi að hámarki bera 2% vexti.

Vaxtafrelsi var innleitt hér á landi árið 1986. Fyrir þann tíma voru lögbundnir hámarksvextir í gildi sem ákvarðir voru af Seðlabankanum. Þau neikvæðu áhrif sem lögbundnir hámarksvextir höfðu fyrir 1986 eru vel þekkt og vekur furðu að slík tillaga skuli koma fram, m.a. í ljósi þess. Yrði tillagan samþykkt myndu áhrifin verða víðtæk og mjög skaðleg. Samþykkt hennar ætti sér ekkert fordæmi í hópi þróaðra ríkja og myndi veikja efnahagslífið og leiða til lakari lífskjara.

Slíkt inngrip í frjálsan fjármálamarkað, að setja hámarksverð á afurðina lánsfé, virkar eins og verðlagshöft á vörur. Framboð af lánsfé til lengri tíma myndi minnka og eftirspurn aukast. Þar sem verðmyndunarkerfið væri tekið úr sambandi myndi slíkt ójafnvægi á markaði leiða til biðraða, skömmtnar og í framhaldinu pólitískra íhlutana og spillingar.

Umrætt þak á vexti gæfi markaðnum ekki færi á að verðleggja áhættu. Höft af þessu tagi myndu því leiða til þess að arðbær fjárfestingarverkefni í atvinnulífinu yrðu slegin út af borðinu sem leiddi til stöðnunar og samdráttar.

Hér hefur aðeins verið tæpt á örfáum göllum umræddrar tillögu. Af þeim ástæðum sem nefndar hafa verið og mörgum öðrum ónefndum leggjast Samtök atvinnulífsins gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson